



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Reykjavík 28. febrúar 2023
Tilvísun: 2023020104

Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum, afbrotavarnir, vopnaburður og eftirlit með lögreglu, 535. mál.

Embætti ríkislögreglstjóra (RLS) vísar til erindis nefndasviðs Alþingis um beiðni um umsögn um frumvarp til laga um lögreglulög (afbrotavarnir, vopnaburður og eftirlit með lögreglu). Embættið tekur undir þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu og fagnar þeim breytingum sem þar koma fram. Í þessu sambandi telur embættið mikilvægt að koma á framfæri ákveðnum ábendingum til að skerpa á mikilvægi þess að framkomið frumvarp verði að lögum.

a.-liður 1. gr. frumvarpsins

Með greininni er skerpt á hlutverki því sem greiningardeild hefur nú þegar samkvæmt lögum og reglugerð, þ.e. að hlutverk deildarinnar sé m.a. að leggja mat á hættu á hryðjuverkum og skipulagðri brotastarfsemi auk þess að sinna upplýsingaöflun og greiningum í þágu afbrotavarna á landsvísu, m.a. með rekstri miðlægs gagnagrunns.

Heimildir þær sem lagðar eru til að komi inn með frumvarpinu og snerta afbrotavarnir kallast m.a. á við löggæsluáætlunina fyrir 2019-2023¹ þar sem kemur m.a. fram að stefnumótun í löggæslumálum eigi að stefna í þá átt að lögreglan auki hæfni sína á sviði upplýsingamiðaðra greininga í afbrotavörnum (*e. intelligent led policing ILP*) en afbrotavarnahlutverk lögreglu, er eitt af meginhlutverkum lögreglu, sbr. b-liður 2. mgr. 1. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Til þess að lögreglan geti sinnt því hlutverki sínu er mikilvægt að skerpa á heimildum til þess. Í þessu sambandi er þó lögð áhersla á að heimildir þær sem frumvarpið veitir eru afmarkaðar og tryggðar með eftirliti því sem heimildirnar sæta.

Í netöryggistefnu Íslands fyrir árin 2022-2037² kemur fram að ein af helstu áherslum stefnunnar sé að lögregla sé í stakk búin til að takast á við afbrot sem tengjast netinu og í alþjóðlegu samstarfi sem slíkt kann að kalla á. Með framlögðu frumvarpi er stigið skref í þá átt að tryggja það að lögreglan hafi þær heimildir sem nauðsynlegar eru til að geta sinnt því eftirliti og forvarnarhlutverki sem henni er ætlað. Traustar netvarnir og öflug löggæsla á því sviði þarf að haldast í hendur.

Þær heimildir sem eru til staðar og lagðar eru til með framlögðu frumvarpi taka mið af samfélagsþróun og skerpa á því hlutverki lögreglu sem kveðið er á um í b- og c-lið 1. gr. lögreglulaga uma að hlutverk lögreglu sé að stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins en einnig að vinna að uppljóstran brota, stöðva ólögmeða

¹ Löggæsluáætlun fyrir árin 2019-2023, [Löggæsluáætlun .pdf \(stjornarradid.is\)](#), bls. 3

² Netöryggisstefna Íslands 2022-2037, [220221_HVIN_Netoryggisstefna_2022_V2.pdf \(stjornarradid.is\)](#), bls. 14

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála eða öðrum lögum.

Vopnaburður lögreglu 2. gr. frumvarpsins

Með 2. gr. frumvarpsins er verið að færa lagastoð fyrir vopnaburði lögreglu sem nú er í vopnalögum, í lögreglulög. Er hér um að ræða breytingu sem hefur ekki áhrif á heimildir lögreglu en embætti ríkislögreglustjóra telur rétt að kveðið sé á um lagaheimild vopnaburðar lögreglu í lögum sem um hana gilda og að lagastoð fyrir reglum um valdbeitingu sæki lagastoð þangað fremur en í vopnalög líkt og hefur verið hingað til. Er það eðlilegt að í lögreglulögum sé kveðið á um heimildir lögreglu, en slíkt er til þess fallið að gagnsæi ríki um störf lögreglu.

Afbrotavarnir

Á öllum Norðurlöndunum starfa sérstakar stofnanir innan lögreglu sem hafa það hlutverk að stemma stigu við afbrotum sem geta raskað öryggi ríkisins. Eigi lögreglan að geta sinnt skyldum sínum og haldið í við samfélagsþróun og meðal annars tryggt öryggi borgaranna er mikilvægt að lögreglan hafi nauðsynlegar og afmarkaðar heimildir í því efni, sem og er tryggt með framkomnu frumvarpi, þ.e. að þær eru afmarkaðar, nauðsynlegar og lúti ströngu eftirliti. Þýðingarmikið er að íslensk löggjöf varðandi afbrotavarnir færist nær því sem gildir á Norðurlöndunum, sem eru þau lönd sem við berum okkur helst saman við

Eftirlit með lögreglu

Með auknum heimildum er nauðsynlegt að tryggja eftirlit og embætti ríkislögreglustjóra styður og telur það mjög mikilvægt að samfara heimildum lögreglu sé markvisst eftirlit. Í framlögðu frumvarpi er það m.a. tryggt með stöðu sjálfstæðs gæðastjóra lögreglu og því að nefnd um eftirlit með lögreglu er styrkt enn frekar og heimildir nefndarinnar.

Ákvæði um innra eftirlit og sérstaka stöðu gæðastjóra eru nýmæli sem embætti ríkislögreglustjóra tekur mikilvægt framfaraskref til styrkingar við það hlutverk sem nefnd um eftirlit með lögreglu hefur nú þegar.

Með frumvarpinu er lagt til að allar ákvarðanir um eftirlit með einstaklingum séu skráðar í kerfi lögreglu, tekin af lögreglustjóra eða öðrum yfirmanni samkvæmt ákvörðun lögreglustjóra, og tilkynnt gæðastjóra. Þetta tryggir skráningu og rekjanleika aðgerða lögreglu. Einnig er lagt til að tilkynna beri nefnd um eftirlit með lögreglu um aðgerðir samkvæmt frumvarpinu sem snúa að eftirliti um ákvarðanir um að viðhafa eftirlit með einstaklingum, upplýsingabeidnir sem sendar eru til annarra stjórnvalda og beiðnir um haldlagningu ásamt rökstuðning fyrir beitingu aðgerðanna. Þetta þýðir að óháður eftirlitsaðili getur lagt mat á aðgerðir í hvert sinn og brugðist við. Embætti ríkislögreglustjóra telur það mikilvægt, en til þess að heimildir lögreglu nái markmiði sínu þarf að tryggja eftirlit.

Mikilvægt er að framkomið frumvarp verði að lögum og er það sagt með hagsmuni almennings í fyrirrúmi, enda er það eitt af mikilvægustu hlutverkum lögreglunnar að þjónusta allan almennig, og tryggja öryggi borgaranna. Það verður ekki gert með fullnægjandi hætti nema að hún hafi tilskildar heimildir til að sinna sínu lögbundna hlutverki í sibreytilegu umhverfi löggæslunnar.

Fyrir hönd embættis ríkislögreglustjóra

Kristbjörg Þjóra-Þráttardóttir
RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

